5. gr.
Kostnaður.

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 563 4. júlí 2001

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Kríunes. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr.73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 6. júní 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi af landi Kríuness í Vatnsendalandi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. júlí 2001.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.

Nr. 564 6. júlí 2001

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í Hveragerði.

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) selur raforku í smásölu í Hveragerði á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1A Almenn notkun og heimilisnotkun.

Orkugjald	7,54	kr/kWh
Fastagjald, 1-fasa	3.123,00	kr/ári
Fastagjald, 3-fasa	6.185,00	kr/ári

A.2A Skammtímanotkun (mannvirkjagerð).

Orkugjald	9,64	kr/kWh
Fastagjald	6.185,00	kr/ári

B.1A Afl- og orkumæling.

Orkugjald	2,84	kr/kWh
Aflgjald	10.129,00	kr/kW/ár
Fastagjald	54.261,00	kr/ári

B.2A Götulýsing.

Aflgjald	13.875,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	18.585,00	kr/kW/ár
Samtals	32.460,00	kr/kW/ár

C.2A Rofin hitun.

Orkugjald	3,65	kr/kWh
Fastagjald	3.907,00	kr/ári

C.3A Næturorkunotkun.

Orkugjald	2,93	kr/kWh
Fastagjald	3.502,00	kr/ári

G.2A Garðyrkjulýsing.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1.776,00	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl)	3.562,00	kr/kWh
Fastagjald	110.710,00	kr/ári

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 481, 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

6. júlí 2001 Nr. 565

REGLUGERÐ

um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heiti og aðsetur.

Nefndin heitir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og hefur hún aðsetur á skrifstofu viðskiptaráðuneytis.

2. gr.

Valdsvið.

Aðilar að lausafjár- og þjónustukaupum geta leitað álits nefndarinnar vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup.